AUGLÝSING

um gagnkvæma niðurfellingu Íslands og Bandaríkjanna á gjöldum af afgreiðslutækjum flugvéla.

Samkomulag hefur orðið um það milli stjórnvalda Íslands og Bandaríkja Ameríku, að gagnkvæm niðurfelling gjalda á tilteknum sviðum flugreksturs, sem samningsbundin var með orðsendingaskiptum í Washington hinn 7. júlí og 16. október 1967 (sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 16/1967), skuli einnig ná til innflutningsgjalda af afgreiðslutækjum flugvéla.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 19. marz 1968.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Nr. 3. 9. apríl 1968.

AUGLÝSING

um samkomulag viðvíkjandi flugi Loftleiða til Skandinavíu.

Hinn 6. apríl 1968 var undirrituð í Reykjavík bókun um samkomulag milli Íslands annars vegar og Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hins vegar, viðvíkjandi flugi Loftleiða til Skandinavíu.

Gildistaka samkomulagsins miðast við 1. apríl 1968, og gildir það í 3 ár.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 9. apríl 1968.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

Með samningum milli íslenzku ríkisstjórnarinnar annars vegar og dönsku, norsku og sænsku ríkisstjórnanna hins vegar hefur náðst samkomulag um eftirfarandi skilmála um flug Loftleiða til Skandinavíu á flugleiðinni Skandinavía—Reykjavík—New York með flugvélum af gerðinni RR-400:

1. Loftleiðum er heimilt að fara á leiðinni Skandinavía—Reykjavík eða Reykjavík—Skandinavía allt að þrem vikulegum ferðum á tímabilinu 1. apríl—31. október, og sé hámarkstala farþega 160 í hverri ferð um sig og allt að tveim vikulegum ferðum á tímabilinu 1. nóvember til 31. marz, og sé hámarkstala farþega 114 í hverri ferð um sig, og sé sætafjöldi (sædekapacitet) umfram þessar tölur ekki notaður. Notkun flugvéla með meiri sætafjölda (kapacitet) en 160 má á þessari leið aðeins eiga sér stað eftir samþykki hinna skandinavísku loftferðayfirvalda í hverju einstöku tilviki.